

Tillaga til ályktunar

– Leikbann vegna uppsafnaðra gulra spjalda og áfrýjun leikbanns–

Grein 9 og 17 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.**Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2021 samþykki tillögu að breytingum á greinum 9 og 17 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál með eftirfarandi hætti:

Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og ~~yfirstríkað~~ en það sem lagt er til að bætist við lögin er **grænmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

9. gr.

Uppkvaðning úrskurða og gildistaka

- 9.2. Úrskurðir aga- og úrskurðarnefndar í kærumálum taka gildi við uppkvaðningu þeirra eða eins og nánar greinir í úrskurðarorði. Úrskurðir nefndarinnar í agamálum taka gildi kl. 12 á hádegi næsta **virka dag föstudag** frá birtingu þeirra nema um sjálfkrafa leikbann sé að ræða.

17. gr.

Áfrýjun til áfrýjunardómstóls KSÍ

- 17.2. Almennt verður úrskurðum nefndarinnar í agamálum ekki skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ nema í eftirfarandi undantekningartilfellum:
- Úrskurði nefndarinnar um **tveggjaþriggja** leikja bann eða þyngri refsingu. Leikbanni sem leikmaður fær sjálfkrafa skv. 13. grein verður ekki áfrýjað. Fáir leikmaður þyngri refsingu en sem nemur sjálfkrafa leikbanni þarf þynging refsingar að vera **einn leikur** ~~tveir leikir~~ eða meira til þess að máli verði áfrýjað. Einungis er heimilt að áfrýja þeim hluta refsingar sem lítur að hinni þyngdu refsingu í þessum tilvikum.
 - Úrskurði nefndarinnar um viðurlög og refsingar sem nema hærri fjárhæð en kr. 50.000,-.
 - Úrskurði nefndarinnar á grundvelli greinar 13.9.c).
 - Úrskurði nefndarinnar um heimaleikjabann á grundvelli 13.9.d).

Greinargerð

Leikmaður sem fær t.d. sitt fjórða gula spjald á sunnudegi og er úrskurðaður í eins leiks bann á þriðjudegi getur leikið í næstu umferð í deildinni á fimmtudegi og farið svo í leikbann í umferðinni þar á eftir. Það er ekki í anda leikbanna að leikmaður sem úrskurðaður hefur verið í bann geti leikið knattspyrnuleik eftir að hafa verið úrskurðaður í bann og áður en úrskurðuð refsing er tekin út. Á tímum tækni og upplýsingamiðlunar á ekki að þurfa marga daga fyrir félög að meðtaka úrskurð aga- og úrskurðarnefndar og því ætti leikbannið að taka gildi strax á hádegi daginn eftir að úrskurður hefur verið kveðinn upp.

Leikbönn umfram einn leik er þynging refsingar. Ef refsing leikmanns er þyngd og hann úrskurðaður í tveggja leikja bann hefur leikmaðurinn og/eða félag hans enga möguleika á að halda uppi vörnum ef svo ber undir. Það eru grundvallarréttindi hvers og eins að geta talað sínu máli og reynt að fá lagfæringu sinna mála ef viðkomandi telur sig hafa verið misrétti beittur. Talað hefur verið um að svona breyting muni leiða til fjölgunar mála fyrir áfrýjunardómstóli KSÍ og er það réttmæt ályktun. Hins vegar má sú staðreynd ekki verða til þess að félög og leikmenn hafi möguleika á að verja sig ef talið er að sá úrskurður sem leikmaðurinn hefur fengið á sig sé ekki sanngjarn eða réttur.

Knattspyrnudeild Fram